

Námskeiðslýsingar - Námskeiðsáætlun Veturinn 2016 - 2017

Námskeiðsáætlunin nær yfir alla starfsemi Landskerfis bókasafna og Rekstrarfélags Sarps. Boðið verður upp á kennslu í flestum grunnþáttum Gegnis eins og útlánnum, skráningu og millisafnalánnum ásamt ítarnámskeiði fyrir vana starfsmenn bókasafnanna sem núna kallast „Nýir tímar – breytt verklag“. Notendum Sarps bjóðast einnig fjölbreytt námskeið í kerfinu svo sem grunnnámskeið, skráning og umsýsla.

Í námskeiðsáætluninni á bls. 5 og 6 er tilgreindur markhópur til þess að námskeiðin og kynningarnar verði hnitmiðaðri, en námskeiðin eru samt sem áður opin öllu starfsfólki Gegnissafna annarsvegar og aðildarsafna Sarps hinsvegar. Hér fyrir neðan eru stuttar lýsingar á námskeiðunum ásamt námskeiðsáætlun. Athugið að dagsetningar eru settar fram með fyrirvara um breytingar og einnig er áskilinn réttur til að fella niður námskeið ef ekki næst næg þátttaka.

Gegnir og leitir.is

Bæði verður boðið upp á almenn og sértæk námskeið í kerfunum. Að venju verður farið með ítarnámskeiðið „Nýir tímar – breytt verklag“ út á land.

Fyrir minna útbreidda kerfisþætti eins og aðföng og millisafnalán verður kennslan klæðskerasniðin fyrir þátttakendur. Reynslan hefur kennt okkur að námskeiðin ein og sér nægja ekki fyrir söfnin til þess að innleiða nýja kerfisþætti. Séu þátttakendur starfandi á safni sem þegar hefur tekið ákveðna kerfisþætti í notkun þarf oft að aðlaga námsefnið að sértækum

verkferlum safnsins. Nauðsynlegt er að halda nokkra vinnufundi til að fylgja verkefnum úr hlaði. Dagsetningarnar í námskeiðsáætluninni vísa til fyrsta vinnufundar þar sem farið verður yfir námsefnið og drög að verkáætlun sett upp.

Á þeim námskeiðum þar sem þátttakendur þurfa nauðsynlega að hafa tölvur er boðið upp á aðstoð við uppsetningu starfsmannaöðgangs Gegnis. Á öðrum námskeiðum er þátttakendum frjálst að mæta með tölvur en æskilegast er að starfsmannaöðgangur sé þegar uppsettur þar sem ekki er tryggt að hægt sé að aðstoða við uppsetningu.

Sarpur

Haldin verða grunnnámskeið í Sarpi en einnig verður boðið upp á ítarnámskeið í skráningu annars vegar og umsýslu hins vegar. Fagstjóri tekur við öllum ábendingum varðandi námskeiðshald.

Námskeiðsskráning

Skráning fer fram á vef Landskerfis bókasafna, landskerfi.is. Nýr vefur var tekinn í notkun vorið 2016. Nauðsynlegt er að stofna aðgang að þjónustuvefnum áður en mögulegt er að skrá sig á námskeið, nánari upplýsingar: landskerfi.is/leidbeiningar/nyr-thjonustuvefur. Einnig er hægt að fá aðstoð við skráningu í síma 514 5050.

Námskeiðslýsingar

Gegnur

1. Nýir tímar, breytt verklag

Ítarnámskeið fyrir vana starfsmenn kallast að þessu sinni „Nýir tímar, breytt verklag“. Á námskeiðinu verður lögð áhersla á breytingar á vefjum Landskerfis bókasafna. Fyrir á þessu ári leit nýr fyrirtækja- og þjónustuvefur dagsins ljós. Einnig var gegnur.is lokað og samhliða voru gerðar umfangsmiklar breytingar á leitir.is til að koma til móts við breytt umhverfi, þar á meðal var safnkostur hvers safns gerður aðgengilegri með takmörkunum í leit.

Á námskeiðinu verða að venju skoðuð valin atriði í starfsmanna-aðgangi Gegnis, því í daglegu amstri eru ný ráð alltaf vel þegin.

Dagskrá:

- Nýr vefur Landskerfis bókasafna
 - Nýr þjónustuvefur
 - Míнар síður
- Gegnur – ýmis atriði í starfsmannaáðgangi
- Leitir.is
 - Gegnur í leitir.is
 - Möguleikar fyrir einstök bókasöfn
- Undirbúningur fyrir nýtt bókasafnskerfi

2. Grunnnámskeið í Gegni

Á þessu námskeiði verður farið í grunnaðgerðir kerfisins með þarfir nýrra starfsmanna og nýrra aðildarsafna í huga.

Dagskrá:

- Almenn kynning á Gegni og tengdum kerfum
- Leitir í kerfunum
- Tenging eintaka

3. Skráningarnámskeið

Aðeins þeir sem hafa sótt námskeið í skráningarþætti Gegnis geta fengið skráningarheimild í kerfið. Skilyrði fyrir þátttöku er próf í bókasafnsfræði og að safnið sé tengt aðildarsafn. Námskeiðið er þrjú dagar.

Dagskrá:

- Leitir
- Skráningarþáttur, almenn kynning
- MARC21
- Nafnmyndaskrá / efnisorð
- Verklegrar æfingar

ATH.: Hverju aðildarsafni Gegnis er heimilt að senda einn starfsmann endurgjaldslaut á skráningarnámskeið en síðan er námskeiðsgjaldið 40.020 kr. með vsk. á þátttakanda miðað við gjaldskrá 2016.

4. Námskeið í RDA skráningarreglunum

Í maí 2016 voru RDA skráningarreglurnar formlega innleiddar fyrir skráningu í Gegni og jafnframt því var hætt að styðjast við AACR2 reglurnar. Til að viðhalda skráningarheimild í Gegni verða skrásetjarar að sækja námskeið í notkun RDA reglnanna. Fyrir á þessu ári sóttu langflestir virkir skrásetjarar endurmenntunarnámskeið í RDA skráningarreglunum. Námskeiðið er nú haldið til þess að koma til móts við þá skrásetjara sem ekki höfðu tök á að sækja námskeið í vor. **Athugið að einungis verður boðið upp á þetta eina námskeið.**

5. Gegnir – Grunnskólar Reykjavíkur

Til að koma til móts við breytt vinnuumhverfi í kjölfar þess að Skólasafnamiðstöð var lögð niður er boðið upp á sérsniðið námskeið fyrir starfsfólk grunnskóla Reykjavíkur. Á dagskrá námskeiðsins er m.a. að bæta við nýjum bókum í Gegni, skrá lánþega og að nálgast vanskilalista. Einnig verða ýmsar nýjungar í Gegni og leitir.is kynntar.

6. Útlánanámskeið

Námskeiðið er ætlað söfnum sem nota útlánaþáttinn ásamt þeim sem ætla að byrja að nota útlánaþáttinn á næstunni.

Dagskrá:

- Leitir í starfsmannaaðgangi Gegnis
- Leitir í leitir.is / gegnir.is
- Útlánaaðgerðir og frátektir
- Sektir og greiðslur
- Lánþegaskráning, notendanöfn og lykilorð
- Vanskilalistar og rukk

7. Kerfiskeyrslur

Markmið með námskeiði í kerfiskeyrslum er að auka sjálfstæði starfsmanna bókasafna við daglegan rekstur. Kennt verður á kerfiskeyrslur sem gera starfsfólki kleift að útbúa:

- Aðfangalista / eintakalista
- Frátektaalista / lánþegalista
- Útlánaalista / vanskilalista
- Útlánaskýrslur (tölfræði)

Námskeiðið hentar einnig sem endurmenntunarnámskeið í kerfiskeyrslum.

8. Aðföng

Námskeiðið er ætlað starfsfólki og söfnum sem nota eða hyggjast nota aðfangabátt Gegnis. Áherslur og efnistöð námskeiðsins munu taka mark af þátttakendum hverju sinni.

Dagskrá:

- Aðfangabáttur
- Sjóðir / birgjar
- Pantanir
- Tilkygningar og rukkanir

9. Fræðslufundur skrásetjara

Fræðslufundir skrásetjara eru haldnir einu sinni á ári. Fundunum er ætlað að vera stuðningstæki fyrir skrásetjara. Það verður meðal annars farið yfir:

- Gæðamál
- Skráningarreglur - vafaatriði
- Samþykktir skráningarráðs
- Nýjungar í skráningarstöðlum

10. Millisafnalánanámskeið

Námskeið í millisafnalánþættinum er ætlað starfsfólki safna sem nota eða hafa áform um að taka millisafnalánaþáttinn í notkun á næstunni.

Dagskrá:

- Uppsetning
- Birgjar
- Lánþegar
- Verkferlar

11. Gegnir – tölfræði

Undanfarin misseri hefur Landskerfi bókasafna lagt mikla áherslu á að þróa nýjar aðferðir við vinnslu tölfræði úr Gegni. Framsetningu tölulegra upplýsinga var umbylt með tilkomu nýs þjónustuvefjar Landskerfis bókasafna. Á kynningunni verður farið yfir forsendur tölfræðivinnslunnar, mismunandi skýrslur skoðaðar og rætt um aðra möguleika í vinnslu tölfræði.

Námskeiðslýsingar

Sarpur

12. Grunnnámskeið í Sarpi

Námskeiðið er ætlað nýjum söfnum, nýjum starfsmönnum og þeim sem þarfnast upprifjunar. Farið verður yfir grunnaðgerðir kerfisins í þessu námskeiði með sérstakri vísun í muna- og myndaskrá.

Dagskrá:

- Almenn kynning og yfirferð
- Samstarf: Aðildarsöfnin og Rekstrarfélag Sarps
- Staðaskrá
- Nafnaskrá
- Aðföng: Munaskrá og Myndaskrá
- Vinnulag við skráningu, efnisorð, hraðskráningarsnið og myndir í færslum
- Leit
- Umsýsla
- sarpur.is

13. Sarpur – umsýsla

Námskeiðið er ætlað þeim söfnum sem eru að vinna með eða hyggjast nýta sér umsýsluþætti Sarps (Pantanir, Sýningar og Útlán) Farið verður yfir hvern þátt fyrir sig, virkni og möguleikar kynntir.

- Stutt yfirferð og kynning
- Pantanir – stofna og halda utan um pantanir í Sarpi. Sérstaklega verður farið yfir pantanir sem berast í gegnum ytri vef Sarps
- Sýningar – stofna og halda utan um sýningar í Sarpi
- Útlán – stofna og halda utan um útlán í Sarpi

14. Skráningarnámskeið í Sarpi

Námskeiðið er ætlað starfsmönnum aðildarsafna Sarps sem hafa mikla reynslu af kerfinu eða hafa lokið grunnnámskeiði og vilja ná betri tókum á skráningu í kerfið. Farið verður yfir vinnulag við skráningu, hraðskráningarsnið og flýtleiðir í Sarpi. Námskeiðið verður verkefnaþing og þurfa nemendur að hafa með sér tölvu.

Dagskrá:

- Kynning á námskeiðinu og yfirferð/uppsetning á tölvukosti nemenda ef þarf
- Vinnulag við skráningu („Þriggja flipa uppsetningin“)
- Hraðskráningarsnið: tilgangur og verklag
- Flýtleiðir í Sarpi (t.d. fjölvar og Chrome viðbætur)
- Verkefni í þróunarumhverfi Sarps undir handleiðslu kennara

Gegnir: Námskeiðsáætlun 2016–2017

Námskeið	Dagsetning	Tími	Staðsetning	Markhópur	Koma með tölvu?
Gegnir – Grunnskólar Reykjavíkur	29. ágúst	13:00 – 15:30	Katrínartún 2	Grunnskólar Reykjavíkur	
Gegnir – Grunnskólar Reykjavíkur	30. ágúst	13:00 – 15:30	Katrínartún 2	Grunnskólar Reykjavíkur	
Gegnir – Grunnskólar Reykjavíkur	31. ágúst	9:30 – 12:00	Katrínartún 2	Grunnskólar Reykjavíkur	
Gegnir – Grunnskólar Reykjavíkur	1. september	9:30 – 12:00	Katrínartún 2	Grunnskólar Reykjavíkur	
Gegnir – Grunnskólar Reykjavíkur	2. september	9:30 – 12:00	Katrínartún 2	Grunnskólar Reykjavíkur	
Gegnir – Kerfiskeysrlur	13. september	8:30 – 12:00	Katrínartún 2	Vanir starfsmenn aðildarsafna	Já
Gegnir – Nýir tímar, breytt verklag	14. september	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Starfsfólk aðildarsafna	
Gegnir – Grunnnámskeið	16. september	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Ný söfn og nýir starfsmenn	
Gegnir – Útlánanámskeið	16. september	13:00 – 16:00	Katrínartún 2	Ný söfn og nýir starfsmenn	
Gegnir – Nýir tímar, breytt verklag	19. september	13:00 – 16:00	Katrínartún 2	Starfsfólk aðildarsafna	
Sarpur – Grunnnámskeið	20. september	10:00 – 15:00	Katrínartún 2	Starfsfólk aðildarsafna Sarps	
Gegnir – Nýir tímar, breytt verklag (Akureyri)	22. september	12:30 – 15:00	Háskólinn á Akureyri, hátíðarsalur (N101)	Bókasöfn á Norðurlandi	
Gegnir – Nýir tímar, breytt verklag (Egilsstaðir)	23. september	10:00 – 14:00	Egilsstaðir	Bókasöfn á Austurlandi	
Sarpur – Grunnnámskeið	23. september	10:00 – 15:00	Katrínartún 2	Starfsfólk aðildarsafna Sarps	
Gegnir – Nýir tímar, breytt verklag	26. september	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Starfsfólk aðildarsafna	
Gegnir – Nýir tímar, breytt verklag	27. september	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Starfsfólk aðildarsafna	
Gegnir – Nýir tímar, breytt verklag	4. október	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Starfsfólk aðildarsafna	
Sarpur – Skráningarnámskeið	11. október	10:00 – 15:00	Katrínartún 2	Starfsfólk aðildarsafna Sarps	Já
Sarpur – Skráningarnámskeið	12. október	10:00 – 15:00	Katrínartún 2	Starfsfólk aðildarsafna Sarps	Já

Námskeið	Dagsetning	Tími	Staðsetning	Markhópur	Koma með tölvu?
Gegnir – RDA námskeið	17. október	8:30 – 16:30	Promennt, Skeifunni 11b	Skrásetjarar sem ekki hafa lokið RDA endurmenntun	
Gegnir – Millisafnalán	19. október	9:00 – 15:00	Katrínartún 2	Söfn sem nota eða hyggjast nota millisafnalánabáttinn	Já
Gegnir – Skráningarnámskeið	26. - 28. október	9:00 – 15:00	Katrínartún 2	Útskrifaðir bókasafnsfræðingar	Já
Sarpur – Umsýslunámskeið	7. nóvember	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Starfsfólk aðildarsafna	
Gegnir – Nýir tímar, breytt verklag (Suðurland)	11. nóvember	10:00 – 15:00	Bókasafnið á Hvolsvelli	Söfn á Suðurlandi	
Gegnir – Fræðslufundur skrásetjara	16. nóvember	10:00 – 12:00	Landsbókasafn	Skrásetjarar	
Gegnir – Tölfræði	7. desember	10:00 – 12:00	Katrínartún 2	Forstöðumenn bókasafna	
VORÖNN 2017					
Gegnir – Aðfanganámskeið	14. febrúar	9:00 – 15:00	Katrínartún 2	Söfn sem nota eða hyggjast nota aðfangabáttinn	Já
Gegnir – Skráningarnámskeið	15. - 17. mars	9:00 – 15:00	Katrínartún 2	Útskrifaðir bókasafnsfræðingar	Já
Gegnir – Grunn- og útlánanámskeið	24. mars	10:00 – 15:00	Katrínartún 2	Starfsfólk aðildarsafna	